

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum.

1. *Austurey I og III í Laugardal í Bláskógabyggð, breyting á deiliskipulagi frístunda- byggðar.*
Breytingin gerir ráð fyrir nýrri 10.000 m² lóð sunnan Illósvegur númer 1. Nýja lóðin og lóðin Illósvegur 1 fá heitin Grænutóftagata 2 og 4. Lóðin Illósvegur nr. 2 stækkar til vesturs og austurs úr 7.731 m² í 13.903 m². Gönguleið austan lóðarinnar færir austur fyrir ný lóðamörk.
2. *G-gata 10 í landi Miðfells í Þingvallasveit, deiliskipulag frístundalóðar.*
Breytingin felur í sér að tvær lóðir, G-gata 10 og Heimreið 11 sameinast í eina lóð. Gert er ráð fyrir einu frístundahúsi á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. apríl 2006.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu.